

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningabætti
og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, með síðari breytingum
(raunverulegur eigandi, viðurkennd persónuskilríki o.fl.).

(Eftir 2. umræðu, 11. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. D-liður 1. mgr. orðast svo: Útibú erlendra fyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið og m-lið.
- b. M-liður 1. mgr. orðast svo: Greiðslustofnanir og umboðsaðilar þeirra samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.
- c. Í stað orðanna „a–e-lið 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: a–e- og m-lið 1. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 1. másl. 4. tölul. orðast svo: *Raunverulegur eigandi*: Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á starfsemina eða stýrir þeim viðskiptamanni, lögaðila eða einstaklingi, í hvers nafni viðskipti eða starfsemi eru stunduð eða framkvæmd.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Viðurkennd persónuskilríki*: Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja skulu teljast vegabréf, ökuskírteini, nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á öruggum undirskriftarbúnaði, sbr. III. og IV. kafla laga um rafrænar undirskriftir.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. A-liður 1. mgr. orðast svo: Einstaklingar: Með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Tilkynningarskyldir aðilar skulu ávallt afla fullnægjandi upplýsinga um raunverulegan eiganda, sbr. 4. tölul. 3. gr. Þegar um lögaðila er að ræða skal leggja sjálfstætt mat á hvort upplýsingar um viðskiptamann og raunverulegan eiganda séu réttar og fullnægjandi. Í tilvikum þar sem ekki er ljóst af framlögðum gögnum hver endanlegur móttakandi fjár verður skal krefjast frekari upplýsinga um það atriði.

4. gr.

Við 1. másl. a-liðar 1. mgr. 15. gr. laganna bætist: og gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögum þessum.

5. gr.

Á eftir orðunum „fjármálafyrirtækis sem hlotið hefur starfsleyfi á Íslandi“ í 1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: greiðslustofnunar.

6. gr.

Í stað orðanna „a–e-lið 1. mgr. 2. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: a–e- og m-lið 1. mgr. 2. gr.

7. gr.

Við 29. gr. laganna bætist: og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.